

Hlaðinn arinn

Texti: Auður I. Ottesen. Myndir: Páll Pétursson

Í nýbyggðu sumarhúsi í Land-sveit er allsérstakur arinn hlaðinn sjávarbörðu hrauni. Arinn segja arkitektar hússins, Hlédís Sveinsdóttir og Gunnar Stefáns-son, vera þungamiðju þess, tengingu við eldfjallið og fjöruna, en húsið er mitt á milli Heklu og sjávar.

Hraunið kemur víða við í byggingunni, umhverfis aðalinnganginn í húsið er grjót-hleðsla og aftur á vegg í gangi á milli forstofu og stofu. Veggurinn er einkar glæsilegur og lýstur upp á fallegan hátt. Arinn er bæði að innan og utan og rís tignarlegur í háreistri stofunni. Strompurinn rís svo upp úr húsinu hlaðinn sjávarbörðu hrauni. Arkitektarnir komu með grunnhugmyndina sem var svo fullhönnuð í samráði við eigendur hússins,

þau Margréti Reynisdóttur og Karl Axelson. Marteinn Sveinsson vann verkið og hefur það heppnast einstaklega vel.

Marteinn hefur unnið lengi að aringerð. Hann fylgdi ungur afa sínum, Marteini Davíðssyni múrara, sem var kunnur fyrir handbragð sitt. Hann sýndi okkur arin og tók hólinu með jafnaldargeði þegar við sögðum hann hafa unnið frábært verk af mikilli fagmennsku. Hann sagðist hafa byrjað sem gutti í handlangi með afa, sem kenndi honum á grjótið og réttu handtökin við múrverkið. Afi hans varð bráðkvaddur, orðinn 84 ára, eftir að þeir sóttu grjót niður í fjöru, og Marteinn hélt ævistarfi hans áfram.

Vinnan við hleðsluna tók tvo mánuði og voru 2-3 menn við verkið. Allt grjót sótti Marteinn niður í fjöru og telur hann sig hafa sótt nokkur tonn, enda þurfti hann að hafa úr nógu að moda. Marteinn segir sjávarbarða hraunið vera einstakt og eftir því sem hann best veit finnst svona holótt sjávarbarið hraungrjót eingöngu á Íslandi. Er kom að hleðslunni valdi Marteinn hvern stein af kostgæfni og lagði í múr. Hann sagaði úr steinunum sem hann

Marteinn Sveinsson hlóð þennan glæsilega arinn. Á myndinni fyrir ofan er veggur hlaðinn með samskonar grjóti og smekklega gengið frá fallettu ljósi í honum.





valdi á hornin til að fella þá betur að heildarmyndinni. Eftir að síðasti steinninn var kominn á sinn stað þá fúgaði hann á milli þeirra. Í fúgurnar notaði hann sérstaka múrsprautu. Arinhólfið er lagt íslenskum grásteini en platan að neðan skagar út fyrir arininn og er nýtt sem hilla.

Neistagrindin fellur að eldopinu og engin hættu er á að neistar hrökkvi á gólfið. Bjarni Bjarnason í Arinvörum smíðaði hana listilega vel, en hann er einstakur hagleiksmiður. Hann smíðaði einnig trekkspjöldin og kubbagrindina í arininn. Þar sem arinn er beggja vegna veggjarins eru tvö reykror í skorsteininum. Arinninn sjálfur er hlaðinn með vikurplötum og rörin einangruð með steinull. Útiarinn hvílir á svölum sem steyphtar eru niður á fast samíða húsinu. Þyngdin á arninum er töluverð og byrði til að bera.

Arkitektar hússins:

Hlédís Sveinsdóttir útskrifaðist 1993/1994 með mastersgráðu í arkitektúr frá University of California (UCLA). Árið eftir starfaði hún í Bandaríkjunum og síðan að sjálfstæðum verkefnum í Moskvu árin 1995-1997. Frá þeim tíma hefur hún unnið að eigin verkefnum á Íslandi.

Gunnar Bergmann Stefánsson útskrifaðist árið 1995 með B.Arch gráðu í arkitektúr,



Gunnar Bergmann Stefánsson og Hlédís Sveinsdóttir hjá Eon arkitektum.

frá Southern California Institute of Architecture, (SciArch). Hann vann um tíma í Bandaríkjunum en hóf störf á Íslandi ári síðar með Pálmari Kristmundssyni arki-

tekt. Unnu þeir saman fyrstu verðlaun í samkeppni um sendiráð Íslands í Berlín.

Eon arkitektar: www.eon.is. Arinbúðin: www.arinbudin.is.
Baryt ehf.: Marteinn Sveinsson, sími 892-8800.

Kínverskur drekaflugdreki

Pegar blæs er um að gera að nýta rokið í eitthvað skemmtilegt, eins og að fljúga flugdreka. Það er hægt að kaupa flugdreka í mörgum stærðum og gerðum í leikfangabúðum um allt land og alltaf er gaman að setja þá saman. Veraldarvefurinn hefur einnig að geyma ógrynni af heimasíðum um gerð og hönnun flugdreka af öllum stærðum og gerðum, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Ein leið til að smíða flugdreka með ungvíðinu er alls ekki flókin og er hann þá gerður með pappadiskum, spotta og bambus. Um er að ræða flugdreka sem er gerður úr mörgum pappadiskum, sem hver af öðrum myndar orin, með því að binda hvern disk á eftir öðrum með jöfnu milli-bili. Tekið skal fram að það þurfa að vera frekar þykkir diskar svo þeir rifni ekki.

1. skref. Skreyting:

Fremsti diskurinn er máláður líkt og drekahaus með því að klippa úr öðrum diskum eyru, munn, tungu og augu og líma á hausinn. Síðan eru hinir diskarnir málaðir og skreyttir. Notið eins marga diskana og ykkur langar að

hafa í búklengd, en hægt er að hafa allt að 45 diskana.

2. skref. Uppbygging:

Diskarnir eru styrktir með tveimur bambusstöngum að aftan. Stærri bambusstöngin (A) þarf að vera að lágmarki þrisvar sinnum lengri en diskurinn og minni stöngin (B) í svipadri stærð og diskurinn.

Stærri stöngin (A) er límd fyrir neðan miðju disksins og út frá því styttri bambusinn (B) sem liggur nokkra sentímetra út fyrir diskinn.

Þar með er diskurinn kominn með T-laga stuðning að aftan sem spottarnir eru síðar bundnir í. Á enda stærri bambussins má síðan líma með límbandi fjadrir, skrautbönd eða eitthvað sem ykkur dettur í hug. Allir diskar sem nota á í flugdrekan þurfa að hafa bambusstuðning.

Að sjálfsgöðu er hægt að nota margt annað sem stuðning en bambus. Til dæmis er hægt að nota kínaprjóna. Þá eru þrjú prjónar á hvern disk, en þeir ná ekki eins

langt út fyrir diskinn og bambusinn. Það er um að gera að nota hugarflugid en tryggja þó stöðugleika diskanna.

3. skref. Samsetning:

Pegar flugdrekin er settur saman er gott að hafa mikið pláss til að tryggja að jafnt bil sé á milli diska og einnig á milli þeirra þriggja lína sem liggja frá einum disk til annars. Bundnir eru hnútar á bambusstangirnar, alveg uppi við diskinn, og er gott að líma hnútana með límbyssunni svo þeir losni ekki. Bandið er í raun þrískipt og liggur að T-laga bambusstöngunum. Einn diskur er festur í senn og er mikilvægt að jafnlangt sé á milli allra diska, 20-40 sm,

þ.e.a.s. að böndin þrjú sem halda honum saman séu stillt af, til að flugdrekin sé líkt og rör í laginu - beinn og simetrískur.

Þá er kominn svakalega skemmtilegur flugdreki sem gaman er að horfa á í flugi þar sem lag eftir lag af diskum svifur um himininn á göðum degi.

Jónína Brynjólfssdóttir.

Heimild: <http://www.bbc.com/Dancingfrog/centipede.html#dermer>.

